

1871.

18. oktbr.

eigi gjöra svo grein fyrir því, hvernig nú stendur á um lánið, sem nægir, verðum vér jafnframt að mælast til, að þér sendið stjórnarráðinu fullkomið yfirlit yfir lánið um 31. marz 1872, og skal það lagað eptir meðfylgjanda skýrsluformi.

Útaf því, að sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu hefir sent hingað beina leið ávísun til 100 rd., til þess að greiða með þeim vöxtu og borgun uppí lán það, sem var veitt hreppum í tðri sýslu, án þess að skýra frá, hversu mikið af þessari upphæð skuli ganga til borgunar vaxta og hversu mikið uppí lánið sjálft, mælumst vér að endingu til, að þér leggið tððum sýslumanni fyrir, að taka sèrstaklega fram, þá er hann borgar nokkuð af skuldinni, hve mikið skuli koma uppí lánið, og hve mikið sè ætlað til að borga með vöxtu, og ennfremur, fyrir hvert ár og fyrir hverja hreppa galdið sè.

18. oktbr.

90. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um sameining Borgarfjarðarsýslu við Mýrasýslu.

Samkvæmt þegnlegum tillögum dómsmálastjórnarinnar hefir hans hátign konunginum þóknazt 11. þ. m. allramildilegast að fallast á:

að Borgarfjarðarsýsla í suðurumdæmi Íslands og Mýrasýsla í vesturumdæmi Íslands verði sameinaðar í eitt lögsagnarumdæmi; að afgjaldið af báðum sýslum skuli vera 250 rd. á ári hverju;

að sýslumanninum verði lagt fyrir að hafa aðsetur nálægt Hvítá.